

Þetta læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður, herra (*tit.*),
til eptirsjónar og leiðbeiningar þá er með þarf.

1859.
27. júní.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um vaxtafè ómyndugra og opinberra stiptana, og um sparisjóði. 30. júní.

Af hinn konunglegu auglýsingu til alþingis 27. f. m. er yður það kunnugt, herra stiptamtmaður, að ekki varð tekin til greina bænarskrá, er alþingi sendi konungi árið 1857, um það að leyft verði framvegis að veita móttöku á leigu í jarðabókar-sjóð ómyndugra fè og opinberra stiptana, er nemur 25 rd. til 100 rd. Bænarskrá alþingis studdist einkum við þá ástæðu, að brýn nauðsyn bæri til þess að hafa einhvern óhultan stað, þangað er koma mætti á vöxtu og til varðveizlu litlum peningum, en slíkt væri miklum annmörkum bundið á Íslandi.

En annmarkar þeir er hær ræðir um mundu að líkindum minnka, ef stofnaðir væru á Íslandi einn eður fleiri sparisjóðir; það var og í ráðagjörð árið 1850, að stofna slíkan sjóð í Reykjavík, en ekki er hann, svo kunnugt sè, enn kominn á fót; á hinn bóginn er bænarskrá alþingis, sú er að ofan er um getið, nýr vottur um að þörf sè á honum; mundi og slík stofnun í ýmsu tilliti verða að miklum notum, ekki einungis Reykjavíkurbæ og sveitum þeim, er þar eru í grennd, heldur og gjörvöllu Íslandi, eptir því sem verkasvið hennar næði að aukast; það virðist því að vera ákjósanlegt, að stuðlað væri til þess að slík stofnun kæmist á fót.

Stjórnin treystir því þess vegna, að þær, herra stiptamtmaður, munið bera sérstaklega umhyggju fyrir því, að greiða fyrir máli þessu, og eruð þær einnig beðnir að senda stjórninni skýrslu um það, hvort búið sè að gjöra nokkrar frekari ráðstafanir til þess að stofna sparisjóð í Reykjavík.

Að endingu eruð þær beðnir að skýra frá því, hvort þær álitið það hagfellt, að leyft sè að ávaxta ómyndugra fè á þann

1859. hátt, að keypt sæu fyrir það konungleg skuldabréf, en þau eru
30. júní. nú til hljóðandi upp á 25 og 50 rd.¹

4. júlí. **22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-ur- og Austur-umdæminu, um að senda megi ókeypis með póstum skaðabætur fyrir fê það, sem skorið hefur verið í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.**

Dómsmálastjórnin hefur ekkert á móti því, sem þér, herra amtmaður, í bréfi yðar 12. febrúar þ. á., hafið farið fram á, að skaðabóta-samskot þau, sem gerð hafa verið handa Húnavetningum fyrir fê það, sem þeir hafa slátrað til að varna útbreiðslu fjárkláðans, megi senda með póstum, án þess fyrir þau sé greiddur vanalegur burðareyrir. Þetta læt eg ekki hjálíða að tilkynna yður, herra amtmaður, svo að þér getið hagað yður þar eptir.

4. júlí. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-ur- og Austur-umdæminu, um skaðabætur fyrir kúgildi klausturjarða.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi yðar 6. janúar þ. á. meðal annars beðið um, að þann hluta skaðabótanna til Húnavetninga fyrir niðurskurð vegna fjárkláðans, sem eptir réttum jöfnuði komi á innstæðu-kúgildi á konungsjörðum í Norður- og Austur-umdæminu, og sem svarar til tólfta hluta af verði kúgildanna, mætti greiða úr umboðssjóðunum.

Í þessu tilliti verð eg að taka það fram, að stjórnin, eins og hún þegar hefur látið í ljósi í bréfi, dags. 3. nóvember í fyrra, ekki getur tekið í mál að greiða nokkrar skaðabætur fyrir fê það, sem skorið hefur verið niður í Húnavatnssýslu vegna fjárkláðans.

1) um hið síðasta atriði í bréfi þessu var sama dag leitað álits hinna amtmannanna á Íslandi.